

Akureyrarbær
Guðmundur Guðlaugsson
Geislagötu 9
600 Akureyri

2003030077
6000; 9310

Reykjavík, 5. maí 2003

Efni: 1. áfangi Ofanbyggðarveggar á Akureyri. Ákvörðun um mats skyldu.

Vísað er til erindis Akureyrarbæjar dags. 25. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning 1. áfanga Ofanbyggðavegar á Akureyri samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Í erindinu kom fram afstaða Akureyrarbæjar til mats skyldu framkvæmdarinnar sem taldi að framkvæmdin væri ekki mats skylld. Framkvæmdin var kynnt fyrir Fornleifavernd ríkisins.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að leggja 1. áfanga Ofanbyggðarveggar frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmannshlíðarvegi. Tilgangur framkvæmdanna er að laga aðkomu að hesthúsahverfi við Hlíðarholt og verður þá aflögð gömul og erfið leið meðfram trjálundi sem er ákaflega snjóþung.

Kaflinn er um 150 m langur. Vegna framkvæmdanna þurfi að fjarlægja um 2.000 m³ af efni en þess í stað þurfi að afla um 1.800 m³ í fyllingar. Ekki sé vitað hvaðan efni verði fengið en þær námur sem meðal annars komi til greina eru við Þverá í Eyjafjarðarsveit og Björgun í Hörgárbyggð. Framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að afrennsli af götum muni renna út fyrir vegkant án sérstakra ráðstafana. Framkvæmdin hafi áhrif á hljóðstig en þar sem ekki sé fyrirhugað að byggja nálægt veginum fari hljóðstig ekki yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 1. áfanga Ofanbyggðarveggar frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmannshlíðarvegi á Akureyri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um mats skyldu samkvæmt 6. gr.

og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd mun taka til afmarkaðs svæðis, efnisþörf og efnistaka eru óveruleg. Veruleg fjarlægð verður frá fyrirhuguðum vegi að íbúðarbyggð og því mun hávaði eða loftmengun hafa óveruleg áhrif á íbúa.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 1. áfanga Ofanbyggðarvegjar frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmanshlíðarvegi á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.
Umhverfisráðuneytið